

Límónaði og lummur á Þjóðminjasafninu

Þjóðminjasafnið gefur Íslendingum sumargjöf í ár. Aðgangur verður ókeypis í allan dag og boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá sem stíluð er sérstaklega á börn og fjölskyldufólk að sögn Gísla Sverris Árnasonar kynningarfulltrúa safnsins. Sett hefur verið upp sérstök sýning á gömlum leikföngum. Þá verður einnig boðið upp á gamla leiki og hlutavelta verður í safnbúð.

Fjölskylduleiðsögn verður tvisvar yfir daginn, klukkan eitt og þrjú. Rúsinan í pylsuendanum að sögn Gísla verða þjóðlegar veitingar í veitingastofunni þar

sem boðið verður upp á límónaði og ekta lummur.

Búist er við töluverðum fjölda fólks í dag en þetta er í fyrsta sinn í mörg ár sem Þjóðminjasafnið er opið á sumardaginn fyrsta. Að öðru leyti segir Gíslu að starfsemi safnsins gangi vel, en safnið var opnað eftir margra ára viðgerðir 1. september í fyrra. Hann horfir bjartsýnn til sumarsins, enda hefur aðsókn verið mjög góð það sem af er ári og búist er við fjölda erlendra ferðamanna í safnið í sumar.

Þjóðminjasafnið verður opið frá klukkan 11 til 17 í dag. ■



BÖRN AÐ LEIK Þrjú drengir spila krikket á fyrri hluta 20 aldar.

Jörvagleði um helgina

Fimmtánda Jörvagleði Dalamanna hófst í gær og stendur fram á sunnudag. Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá alla daga en í kvöld verður setning Jörvagleðinnar í Dalabúð. Þar syngur Karla-kór Reykjavíkur ásamt eldri félögum og einsöngvurunum Gunnari Guðbjörnsyni og Hönnu Dóru Sturludóttur.

Meðal annarra dagskrárliða á Jörvagleði næstu daga er opið fjór á Leiðólfsstöðum og hagrýngakvöld í Árbliki á föstudagskvöld. Síðan mun hin vinsæla




KARLAKÓR REYKJAVÍKUR Eldri félagar kórsins æfa fyrir setningu Jörvagleðinnar

hljóm sveit Sálin hans Jóns míns leika á balli á laugardagskvöld. Þetta er í fyrsta sinn sem Sálin treður upp í Búðardal, sem er heimabær bassaleikara hljóm sveitarinnar, Friðriks Sturlusonar. ■

Sumri fagnað í Grafarholti

Sóknarnefndin í Grafarholti stendur fyrir hátíðarhöldum á sumardaginn fyrsta annað árið í röð. Skruðganga leggur af stað frá Ingunnarskóla klukkan 13.30. Lúðrasveit Reykjavíkur leikur í göngunni og öll börn fá íslenskan fána að gjöf. Gengið verður í Þórðarsveig 3 og haldin helgi-stund sem sóknarpresturinn, séra Sigríður Guðmarsdóttir sér um.

Áherslan verður á börnin, með vænni blöndu af vorsöngvum og sálmum, við undirleik Gunnars Gunnarssonar, og boðið verður upp á kaffi og veitingar að helgi-stund lokinni. -bs



NÍÁN Á þessari myndasögumessu koma saman um sjöttu íslenskir, skandinavískir og norður-amerískir myndasöguhöfundar og myndlistarmenn.

Myndasögumessa og Markmið XI

Listasafn Reykjavíkur fagnar sumardegnum fyrsta með ókeypis aðgangi á fimm ólíkar sýningar í Ásmundarsafni, Hafnarhúsi og á Kjarvalsstöðum. Í Hafnarhúsi verður haldin myndasögumessan Níán þar sem sjöttu myndasöguhöfundar og myndlistarmenn frá ýmsum löndum koma saman. Einnig sýningin Myndheimur, einkasýning Brynhildar Þorgeirsdóttur.

Á Kjarvalsstöðum er yfirlits-sýning Harðar Ágústssonar, þar sem varpað er ljósi á framlag Harðar á sviði myndlistar, hönnunar og bygginglistar. Á Kjarvalsstöðum er einnig sýningin Markmið XI sem er samvinnuverkefni Helga Hjaltalín Eyjólfssonar og Péturs Arnar Friðrikssonar sem þróa hugmyndir sínar áfram á sjálfri sýningunni.

Í Ásmundarsafni er boðið upp á sýninguna Ásmundur Sveinsson – Maður og efni, sem er sýning á úrvali verka úr safneign Ásmundarsafns.

Allar nánari upplýsingar um sýningarnar er að finna á heimsíðu Listasafns Reykjavíkur www.listasafnreykjavikur.is ■



Opel. Þýski gæðingurinn.

TAKTU MIG

Opel Meriva er enn eitt meistaraverkið frá Opel: Hann er hinn eini sanni heimilisbíll: rúmgóður, lipur, vandaður, öruggur og skemmtilegur. Börnin hafa borð og frábæra aðstöðu aftur í og sætin má stíla fyrir fulloröna, börn, farangur eða allt í senn. Og þú mátt fá hann lánaðan í heila 3 daga! Taktu hann, snúðu honum, fylltu hann af fólki og vertu með honum þangað til þú þekkir hann út og inn. Svo skaltu skila honum – ef fjölskyldan samþykkir það!

Listaverð frá 1.795.000,-

3ja daga reynsluakstur: Kostar ekkert.

www.opel.is

Nánari upplýsingar um Opel hjá Ingvari Helgasyni færðu á www.opel.is

Skráning í síma 525 8005 eða á millionmiles@ih.is

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00